



Til: -sér sambanda ÍSí
-héraðssambanda og íþróttabandalaga ÍSí
-íþrótt- og ungmennafélaga og deilda þeirra

Reykjavík, 8. febrúar 2021

Efni: Starfsskýrslur ÍSí

Ágætu félagar!

Komið er að árlegum starfsskýrsluskilum en skv. lögum ÍSí eiga allar einingar innan vébanda ÍSí að skila starfsskýrslu í gegnum Felix, félagakerfi ÍSí og UMFÍ, **fyrir 15. apríl nk.**

Góð skil voru á síðasta ári eða um 97.6% og fyrir það þökkum við, ykkur öllum sem að komuð.

Skýrslunni er skilað rafrænt í gegnum Felix. **Verið er að skila inn upplýsingum um starfsemina á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2020.** Þess má geta að nú er unnið að undirbúningi nýs starfsskýrslukerfis og er stefnt að því að skilin á næsta ári (2022) muni fara fram í nýju kerfi.

Starfsskýrsla til ÍSí samanstendur af iðkenda- og félagatali, upplýsingum um núverandi aðalstjórn og stjórnir deilda og lykiltölum úr ársreikningi síðasta rekstrarárs, ásamt lögum viðkomandi einingar.

Mikilvægt er að allur launakostnaður sem og verktakagreiðslur sé bókað sem slíkt í starfsskýrsluskilunum þó að það sé bókað undir öðrum liðum, svo sem rekstri skrifstofu, í ársreikningi viðkomandi einingar.

Ef ársreikningur liggur ekki fyrir þegar skilafrestur rennur út geta félögin sótt um aukinn skilafrest á ársreikningi til ÍSí, í samráði við viðkomandi héraðssamband/íþróttabandalag.

Hér meðfylgjandi eru leiðbeiningar um hvernig gengið er frá starfsskýrsluskilum, sjá líka viðhengi sem fylgir með pósti „Ferli - Hvernig á að ganga frá starfsskýrslu í Felix“.

Við viljum benda félögum sem nota Nóra við innheimtu æfingagjalda á að nú uppfærast iðkenda möppur sjálfvirkt skv. skráningum í viðkomandi kerfi en einungis ef bókið er að tengja viðeigandi möppur/námskeið í Nóra (sbr. leiðbeiningar frá Nóra), þar sem meistaraflokkar deilda eru ekki skráðir í Nóra verður að fara yfir þá sérstaklega.

Iðkendur sem hætt hafa á starfsskýrslutímabilinu teljast með í starfsskýrslu en sjást ekki lengur í iðkenda möppum. Félög sem nota ekkert innheimtukerfi þurfa að uppfæra sínar féлага- og iðkenda möppur handvirkt.

Með því að vanda til verks og skila starfsskýrslu sem sýnir rétta skráningu miðað við starfsemi viðkomandi einingar, leggja sambandsaðilar ÍSí sitt af mörkum til hagsmunabaráttu ÍSí til handa allrar hreyfingarinnar. Skráning í Felix felur í sér bæði réttindi og skyldur og afar nauðsynlegt er að allar möppur séu uppfærðar reglulega í takt við féлага- og iðkendafjölda.


Yfirsýn yfir fjölda þátttakenda í hreyfingunni, fjárhagsstöðu, kynjaskiptingu, aldursdreifingu og skiptingu á milli íþróttagreina er okkur nauðsynleg til að geta rekið mál hreyfingarinnar gagnvart opinberum aðilum, svo sem ríki og sveitarfélögum. Yfirstandandi faraldur hefur aukið mikilvægi þess að ÍSí nái góðri yfirsýn yfir alla helstu rekstrarþætti hreyfingarinnar og nauðsyn þess að geta greint betur helstu kostnaðar- og tekjuliði í rekstri.

Tengiliður vegna Felix og starfsskýrsluskila er Elías Atlason á skrifstofu ÍSí.

Sími á skrifstofu er 514 4000 en einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið elias@isi.is

Við hvetjum ykkur til að hafa samband við Elías ef þið hafið ábendingar eða athugasemdir varðandi Felix eða starfsskýrsluskilin svo að hægt sé að bregðast við með skjóttum hætti.

**Með íþróttakveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**


Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri

